



Ábyrgðartrygging tannlækna

Vátryggingarskilmálar nr. AA51

Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. AA51.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit:

- Vátryggður
- Vátryggingin gildir
- Ábyrgðartími
- Bótasvið
- Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
- Varúðarreglur
- Greiðsla iðgjalds
- Endurgreiðsla iðgjalds
- Vátryggingarfjárhæð
- Eigin áhætta
- Vísitala
- Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón
- Ákvörðun bóta fyrir munatjón
- Staða tjónþola við tjón
- Meðferð bótakrafna
- Tvítrygging
- Lok vátryggingar
- Fyrning

1. Vátryggður

Vátryggður er sá tannlæknir sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir á Íslandi.

3. Ábyrgðartími

- Vátryggingin tekur til skaðabótakröfu á hendur vátryggðum er til stofnast á vátryggingartímabilinu án tillits til þess hvenær það atvik varð sem krafan reis af.
- Skaðabótakrafa telst hafa stofnast við það tímamark að hið fyrra af eftirfarandi tilvikum hefur borið að höndum:

- Tjónþoli gerir skriflega skaðabótakröfu á hendur vátryggðum eða félaginu.
- Vátryggðum verður fyrst kunnugt um að sjúklingur hans eða þriðji maður hefur orðið fyrir tjóni sem gæti fallið undir vátryggingu þessa og kunnir að verða rakið til gáleysis vátryggðs, eða að bein hætta sé á að slíkt tjón verði.
- Skaðabótakröfu samkvæmt gr. 3.2 sem rakin er til tjóns er verður heldur skyndilega eða smám saman bætir félagið ekki hafi tjón komið í ljós að einhverju eða öllu leyti áður en vátryggingartímabilið hófst.

4. Bótasvið

Vátryggingin bætir:

- Beint líkams- eða munatjón sjúklings eða þriðja manns vegna skaðabótaábyrgðar vátryggðs sem fellur á hann samkvæmt íslenskum lögum:
 - Vegna starfsemi þeirrar sem getið er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
 - Sem eiganda eða notanda húss eða fasteignar sem notuð er við tilgreinda starfsemi.

Með munum er átt við fasteign og lausafé, þ.m.t. dýr. Vátryggingin bætir tjón að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar.

Vátryggingin bætir ekki:

- Tjón sem vátryggður tekur á sig ef ábyrgðin er viðtækari en almenn bótaábyrgð hans sem tannlæknis.
- Sektir og önnur viðurlög sem falla á vátryggðan.
- Tjón vegna skemmda á munum eða glötunar muna sem:
 - Vátryggður á einn eða með öðrum.
 - Vátryggður hefur að láni, á leigu, til geymslu, sölu, flutnings eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans, þar á meðal muna sem vátryggður hefur tekið í heimildarleysi.
 - Verður af völdum eldsvoða.
- Tjón vegna tannlæknismeðferðar sem:
 - Fellur utan hefðbundins starfssviðs vátryggðs.



- 4.5.2 Vátryggður hefur ekki réttindi til að framkvæma samkvæmt lögum eða heimildum stjórnvalda.
- 4.5.3 Verður vegna þess að meðferðin, þ.m.t. lyfjagjöf, hafi ekki þau áhrif er að var stefnt, hafi orðið dýrari en hliðstæð meðferð, reynst ónauðsynleg eða árangurslaus.
- 4.6 Tjón sem verða vegna starfa sem unnin eru á vegum heilbrigðisstofnunar nema unnið sé án endurgjalds frá stofnuninni og ábyrgðin hvíli ekki á hlutaðeigandi stofnun samkvæmt gildandi réttarreglum um atvinnurekandaábyrgð.
- 4.7 Tjón vegna skemmda á erfðaeftum sjúklings.
- 4.8 Tjón vegna tilrauna með lyf eða vegna klínískra tilrauna.
- 4.9 Tjón vegna notkunar á geislavirkum efnum eða vegna annarra aðferða til tannlækni meðferðar í rannsóknartilgangi.
- 4.10 Tjón sem leiðir af skaðemisábyrgð er fellur á vátryggðan.
- 4.11 Tjón sem rekja má til asbests eða efnis sem inniheldur asbest að einhverju leyti.
- 4.12 Tjón sem leiðir af skaðabótaábyrgð er fellur á vátryggðan sem eiganda eða notanda skráningarskylds ökutækis, loftfars, skips, báts eða annars farartækis.
- 4.13 Tjón vegna byggingaframkvæmda á fasteign sem vátryggður á eða notar.
- 4.14 Endurkröfu frá almannatryggingum.
- 4.15 Tjón sem rakið verður til mengunar lofts, jarðar, gróðurs, vatns eða sjávar. Félagið greiðir þó bætur vegna slíks tjóns ef það verður rakið til eins skyndilegs atburðar.
- 4.16 Tap eða tjón sem stafar beint eða óbeint, að öllu leyti eða að hluta af:

Áhrifum tímaskráningar á starfsemi búnaðar, kerfa eða samblands þessa hvoru tveggja.

Umsjón með eða ráðgjöf um áhrif tímaskráningar á starfsemi búnaðar, kerfa eða samblands þeirra.

Eftirliti, viðurkenningu, ákvörðun, staðfestingu eða áritun um aðstæður þar sem áhrif tímaskráningar á starfsemi búnaðar, kerfa eða samblands þeirra skipta máli (þ.m.t. en þó ekki takmarkað við störf framkvæmdastjóra, stjórnarmanna og endurskoðenda að verkefnum sínum).

Undanþága þessi á við um allar tímaskráningar. Með "tímaskráningu" er átt við tilgreiningu tíma sem byggist á almanakskerfi þegar tilgreiningin

verkar sem upplýsingar, kóti, merki eða með hvers konar öðrum hætti í búnaði, kerfi eða samblandi þessa hvoru tveggja.

Með "búnaði" er átt við hvers konar vélar, tæki, vörur og aðra áþreifanlega hluti eða safn hluta, hvort sem um er að ræða fasteign eða lausafé, þ.m.t. en þó ekki takmarkað við vélbúnað tölvu, hugbúnað eða sambætt rafeindakerfi (þ.m.t. örgjörvar og kísilflögur).

Með "kerfi" er átt við hvers konar upplýsingar, fyrirmæli eða safn þeirra og hvers konar miðla fyrir upplýsingar og fyrirmæli í tölvutæku formi, á pappír eða í formi geisla, bylgna, eðlisfræðilegra áhrifa, efnaferla eða á öðru óáþreifanlegu eða áþreifanlegu formi.

5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 5.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 5.2 Styrjalдар, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 5.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

6. Varúðarreglur

- 6.1 Vátryggður skal ávallt starfa í samræmi við lög um tannlækningar nr. 38/1985.
- 6.2 Vátryggður skal fara eftir fyrirmælum í lögum og reglugerðum að því er varðar mengunarvarnir.

7. Greiðsla iðgjalds

- 7.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.
- 7.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

8. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggður hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef vátryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur



fullnægt skyldum sínum með því að greiða umsamda vátryggingarfjárhæð.

9. Vátryggingarfjárhæð

- 9.1 Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks vátryggingaratburðar takmarkast við vátryggingarfjárhæð sem tilgreind er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Heildargreiðsla félagsins vegna allra vátryggingaratburða innan sama vátryggingartímabils getur aldrei orðið hærri en fram kemur í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 9.2 Félagið greiðir kostnað sem eðlilegt er að vátryggður stofni til vegna ákvörðunar um skaðabótaskyldu eða bótafjárhæð enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr vátryggingarfjárhæðinni. Sama gildir um vexti sem vátryggðum ber að greiða af skaðabótakröfu sem vátryggingin tekur til.
- 9.3 Sé vátryggingarfjárhæðin lægri en skaðabæturnar er félaginu aðeins skylt að greiða þann hluta vaxta og kostnaðar er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem því ber að greiða.

10. Eigin áhætta

- 10.1 Af hverju tjóni ber vátryggingartaki eigin áhættu eins og tiltekið er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 10.2 Nái höfuðstóll bótakröfu ekki lágmarki eigin áhættu greiðir félagið ekki heldur kostnað þótt krafan og kostnaðurinn verði samanlagt hærri en fjárhæð eigin áhættu.

11. Vísitala

Vátryggingarfjárhæðir breytast árlega við endurnýjun til samræmis við breytingar á vísitölu neysliverðs. Iðgjald og eigin áhætta breytast á sama hátt.

12. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

- 12.1 Bætur fyrir líkamstjón ákvarðast á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993
- 12.2 Bætur sem greiða ber af umsaminni atvinnuslysaftryggingu vátryggðs koma að fullu til frádráttar bótum úr ábyrgðartryggingu þessari. Sama gildir þótt umsamin atvinnuslysaftrygging sé ekki fyrir hendi. Kaup sem vátryggðum ber samkvæmt lögum eða kjarasamningum að greiða manni er orðið hefur fyrir slysi kemur að fullu til frádráttar frá bótum úr ábyrgðartryggingu þessari.

13. Ákvörðun bóta fyrir munatjón

- 13.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi
- 13.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.
- 13.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu, ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 13.4 Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir vátryggingaratburð og verðmæti eftir vátryggingaratburð.
- 13.5 Vátryggður skal ekki hagnast á vátryggingaratburði. Vátryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón vátryggðs.

14. Staða tjónþola við tjón

- 14.1 Ef vátrygging tekur til tjóns vátryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónþoli krafist bóta beint frá félaginu. Félaginu og vátryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.
- 14.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur félaginu skal tilkynna það vátryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning félagsins á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir vátryggðan.
- 14.3 Nú tilkynnir tjónþoli félaginu að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur það þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn vátryggðum. Skal félagið tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.
- 14.4 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

15. Meðferð bótakrafna

- 15.1 Vátryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis félagsins.
- 15.2 Félagið kemur fram fyrir hönd hinna vátryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð.



16. Tvítrygging

- 16.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann gefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 16.2 Ef fleiri en eitt vátryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 16.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

17. Lok vátryggingar

Vátryggingin fellur sjálfkrafa úr gildi, falli starfsheimild eða starfsleyfi vátryggðs niður.

18. Fyrning

Ábyrgð félagsins fyrnist samkvæmt reglum um fyrningu skaðabótaábyrgðar, sbr. 2. mgr. 52. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Vátryggingarskilmálar þessir gilda frá 18. október 2010